

21. September 2023

Fundur Umhverfis- og samgöngunefndar kl.20:00 í Þingborg

Fundarritari: Svanhvít Hermannsdóttir

Mætt: Jakob Nielsen Kristjánsson, Helena Hólm, Helgi Sigurðsson, Svanhvít Hermannsdóttir og Halla Kjartansdóttir.

1. Boð á ársfund náttúruverndarnefnda Sveitarfélaga. Fundurinn verður 12. október 2023 á Ísafirði.
2. Sorphirðumál frístundahúsa. Nefndin tekur undir afgreiðslu sveitarstjórnar á málinu.
3. Vegmerkingar við Hnaus og Mosató. Bráðnauðsynlegt er og löngu tímabært að fara í að leggja aðreinar að afleggjaranum í akstursleið til austurs og útskot á akstursleið til vesturs. Ennfremur að farið væri í sömu aðgerðir við önnur fjölfarin vegamót við Þjóðveg nr. 1 í Flóahreppi. Ítrekað er að ástand malarvega í Flóahreppi er óásættanlegt. Vandséð er hvort lækkun hámarkshraða á vegstúfum komi til móts við öryggiskröfur sem gerðar eru til umferðarmannvirkja.
5. Hugmyndir um áhersluverkefni fyrir Sorpstöð Suðurlands 2024. Vitnað er í lið 2 frá fundi Umhverfis og samgöngunefndar frá 18. apríl 2023 um hræsöfnunarbíl.
6. Fjárhagsáætlun 2024. Að séð verði til að hálkuverja þá staði í sveitarfélaginu þar sem myndast hættulegar aðstæður. Að áliti nefndarinnar er best að nota saltaðan sand.
 - Að sjá til þess að vegkantar sem sveitarfélagið sér um snjómokstur á séu slegnir.
 - Að tryggt verði fjármagn til að íbúum sveitarfélagsins verði gert kleyft að geta tekið þátt í hreinsunarátaki sem sveitarfélagið vonandi tekur þátt í á næsta ári.
 - Að sjá til þess að Ásavegurinn verði stíkaður upp á nýtt. Eins og staðan er núna liggur megnið af stikunum niðri auk þess sem þær eru brotnar og ónýtar.
7. Samráðsfundur vegna endurskoðunnar á vinnureglum vetrarþjónustu. Vegir með bundnu slitlagi sem ekki eru í vetrarþjónustu hjá Vegagerðinni eins og er, fá þjónustu eins og vegir sem Vegagerðin þjónustar nú þegar.

Jakob Nielsen Kristjánsson

Helena Hólm

Helgi Sigurðsson

Svanhvít Hermannsd.

Halla Kjartansdóttir